

Nd.

## 111. Frumvarp til laga

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

### 1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds.

### 2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendir safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sóknanna, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi safnaðar.

### 3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hverrar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipting er löglega ákveðin, hluta af fé því, er ríkið leggur árlega til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð, og skiptist jafnt milli nýju sóknanna.

### 4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera 4 prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölga, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns.

### 5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeyppis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestsseturhús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar.

### 6. gr.

Heimilt skal mönnum eftir skiptingu Reykjavíkurstakalls í 6 sóknir að taka prestsþjónustu hjá öðrum presti en sóknarpresti sínum innan takmarka hins núverandi prestakalls, án þess að fara þurfi eftir lögum nr. 9 2. maí 1882, um leysing sóknarbands.

### 7. gr.

Ákvæði 4. gr. í lögum þessum, um að á einn sóknarprest skuli koma um 5000 manns, skal einnig gilda um aðra kaupstaði landsins, og skal fjölga þar prestum eftir þessum reglum.

### 8. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurstakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Samhljóða frv. var borið fram á þingunum 1935 og 1936, en varð ekki útrætt. Visast til greinargerðar, er fylgdi því þá. — Að öðru leyti verður gerð grein fyrir málinu við framsögu.